

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og 86 raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar 10. júní í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hofsóss.

87

11. júní

I. RAFORKA

Rafveita Hofsóss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 3.50 kr. hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli, þannig reiknað:

- | | |
|---|---------------------|
| a. Grunn gjald (mælisleiga o. fl.) | kr. 10.00 á mánuði. |
| b. Fastagjald af hverju herbergi í íbúð | — 10.00 — — |
| c. Orkugjald af allri notkun | — 0.90 — kwst. |

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst. Minnsta árgjald skal vera kr. 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

D. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.80 hverja kwst., og annast rafveitan þá viðhald lýsingarkerfisins.

E. Önnur notkun.

Þegar sérstaklega stendur á, er stjórn rafveitunnar heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALÉIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notanda, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

87	1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mánuði.
11. júní	2. — þrifasa mælum 25 amp. og minni	— 3.00 — —
	3. — þrifasa mælum 25 til 50 amp.	— 5.00 — —
	4. — þrifasa mælum 50 til 70 amp.	— 7.00 — —
	5. — þrifasa mælum 70 amp. og yfir	— 10.00 — —

Af öðrum mælitækjum skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Rafveitu Hofsóss, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

<i>Rúmmál húss í teningsmetrum:</i>		<i>Heimtaugargjald:</i>
Frá	0 allt að 100	kr. 500.00
—	100 — — 150	— 575.00
—	150 — — 200	— 650.00
—	200 — — 250	— 725.00
—	250 — — 300	— 800.00
—	300 — — 350	— 900.00
—	350 — — 400	— 1 000.00
—	400 — — 450	— 1 100.00
—	450 — — 500	— 1 200.00
—	500 — — 550	— 1 300.00
—	550 — — 600	— 1 400.00
—	600 — — 650	— 1 500.00
—	650 — — 700	— 1 600.00
—	700 — — 750	— 1 700.00
—	750 — — 800	— 1 800.00
—	800 — — 850	— 1 900.00
—	850 — — 900	— 2 000.00
—	900 — — 1000	— 2 200.00
—	1000 — — 1100	— 2 400.00
—	1100 — — 1200	— 2 600.00
—	1200 — — 1500	— 3 000.00
—	1500 — — 1750	— 3 500.00
—	1750 — — 2000	— 4 000.00
—	2000 — — 2250	— 4 500.00
—	2250 og yfir	— 5 000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 mm² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% hærra, enda sé strengur ekki gildari en 3×70 mm² eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir.

Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðarskúr á byggingarlóð íbúðarhúss, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðar lögð jarðlína í stað loftlínu, greiði húseigandi það, er á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald.

IV. OPNUNARGJALD

87

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

11. júní

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

88

um fuglaveiði í Grímsey.

13. júní

1. Svartfugl (álku, stuttnefju, langvíu) er heimilt að veiða á snörufleka í Grímsey, á tímabilinu frá 15. maí til 20. júní.
2. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að aldrei séu flekar yfirgefnir næturlangt.
3. Að aldrei sé einstakur fugl (bandingi) notaður til að lokka aðra fugla að flekunum.
4. Að fylgt sé þeirri reglu, sem tíðkæzt hefur, að fara eigi lengra frá flekunum en svo, að til þeirra sjáist, svo að unnt sé að hirða fuglinn jafnóðum og hann festist, að svo miklu leyti sem unnt er.
5. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, samkvæmt 33. gr. fuglafriðunarlaganna, nr. 63 frá 22. apríl 1954.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir til 1. marz 1956.

Menntamálaráðuneytið, 13. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.